

Skólaráðsfundur 12. október 2022

Mætt: Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri, Jóhann Gunnar fulltrúi kennara, Hulda H fulltrúi kennara, Vordís Heimisdóttir fulltrúi starfsmanna, Magnea Ósk fulltrúi foreldra, Vala Rún Vilhjálmisdóttir fulltrúi foreldra, Hámundur Örn framkvæmdarstjóri UMFN, fulltrúi grenndarsamfélagsins, Íris Björk fulltrúi nemenda. Frosti Kjartan fulltrúi nemenda var forfallaður.

1. Ásgerður fór yfir hverjir eru í skólaráði og fyrir hvað þeir eru fulltrúar. Fór einnig yfir starfsáætlun skólaráðs.
2. Ásgerður fór yfir hvernig skólabyrjun hefur farið af stað, hefur farið vel af stað, búin að vera að vinna í ákveðnum verkferlum eins og símanotkun nemenda. Eins með fræðslu sem hefur verið fyrir nemendur og hvernig það hefur gengið.
3. Ásgerður fór yfir helstu áherslur skólaársins sem eru :
 - a. Handleiðsla fyrir allt starfsfólk – Kristín Lillendahl
 - b. Áhugasviðsverkefni á miðstigi – 5.-7. bekkur
 - c. Ræktum starfsmannahópinn, fræðsla og skemmtun
 - d. Önnur verkefni skólans s.s. PBS, heilsueflandi skóli, umhverfisfræðsla, læsi
 - e. Verkefni fyrir nemendaráð – bingó ofl.
4. Jóhann Gunnar sagði frá verkefninu Skólaslit 2 og hvað nemendur eru að vinna í því verkefni
5. Farið yfir starfsáætlun skólans, athugasemd um að það vantar inn viðbragðsáætlun vegna ofbeldishegðun, GK setur inn áður en starfsáætlun verður send á Fræðsluráð. Starfsáætlun samþykkt með fyrirvara um að bæta inn viðbragðsáætlun vegna ofbeldi.
6. Ásgerður bar upp breytingu á skóladagatali skólaársins 2022-2023, að færa starfsdaginn 19. apríl 2023 fram til mánudagsins 24. apríl 2023.
7. Ásgerður kynnti væntanlegt skólaþing sem verður 17. janúar 2023 þar sem yfirskriftin verður „Hvað einkennir góðan skóla?“
8. Önnur mál:
 - a. Áætluð rýming verður í skólanum í næstu viku, póstur verður sendur á forráðamenn um æfinguna
 - b. Sagt frá ferðum nemenda bæði innanlands og erlendis
 - c. Magnea og Vala sögðu frá aðalfundi foreldrafélagsins sem verður þriðjudaginn 18. október á sal skólans. Þar verður erindi frá Þorsteini V. Einarssyni sem nefnist „Jákvæð karlmennska“.
 - d. Vordís spurði um hvar í ferlinu væri endurhönnun skólalóða hjá Reykjanesbæ. Ásgerður sagði að það væri enn í ferli hjá Reykjanesbæ.